



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagurinn, 1. september 2006

Ákvörðun nr. 35/2006

Kaup Kaupfélags Skagfirðinga svf., Kaupfélags Borgfirðinga svf. og Kaupfélags Héraðsbúa svf. o.fl. á Áburðarverksmiðjunni hf. og samruni fóðurdeildar Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Áburðarverksmiðjunnar hf. við Fóðurblönduna hf. og Bústólpa ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Aðdragandi máls þessa er sá að Samkeppniseftirlitinu barst ábending í ágústmánuði 2005 þess efnis að hópur fjárfesta hafi keypt öll hlutabréf í Fóðurblöndunni hf. (FB). Þar hafi verið um að ræða Kaupfélag Skagfirðinga svf. (KS), Kaupfélag Borgnesinga svf. (KB), Kaupfélag Héraðsbúa svf. (KHB) og Vátryggingafélag Íslands. Í framhaldinu sendi Samkeppniseftirlitið framangreindum félögum bréf, dags. 14. september 2005 og athygli þeirra vakin á því að samkvæmt 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 bæri að tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samruna sem falla undir 1. mgr. sömu greinar eigi síðar en einni viku eftir að samningi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða að tiltekinn aðili hafi náð yfirráðum í fyrirtæki.

Með bréfi Oddgeirs Einarssonar hdl., dags. 20. september 2005, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt að allir aðilar að kaupunum hafi falið Fulltingi ehf. – lögfræðisþjónustu að annast málið gagnvart samkeppnisyfirvöldum. Í bréfinu var tekið fram að hafi skylda verið til að tilkynna samrunann á fyrri stigum hafi aðilum ekki verið það ljóst en unnið væri að því að afla nauðsynlegra gagna til að unnt væri að verða við mögulegri tilkynningarskyldu.

Þann 2. nóvember 2005 barst tilkynning um samruna KS og Áburðarverksmiðjunnar hf. (ÁBV) við FB og Bústólpa ehf. (BS) eftir að Samkeppniseftirlitið hafði ítrekað tilkynningarskylduna með tölvupósti, dags. 27. október 2005. Bréfinu fylgdi skýrsla sem inniheldur upplýsingar og gögn sem miðast við skrá Samkeppniseftirlitsins yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram vegna athugunar á samruna fyrirtækja.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 30. nóvember 2005 var samrunaaðilum tilkynnt um að Samkeppniseftirlitið teldi ástæðu til þess að rannsaka samrunann frekar, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.



Við athugun Samkeppniseftirlitsins á samrunanum kom í ljós að viðskipti höfðu átt sér stað með hlutafé í ÁBV í lok árs 2004 sem aldrei voru tilkynnt Samkeppniseftirlitinu í samræmi við þágildandi 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Að mati Samkeppniseftirlitsins var þar um að ræða tilkynningarskyldan samruna og var því ákveðið að funda með lögmönnum aðila vegna málsins og benda þeim á hina meintu vanrækslu á tilkynningarskyldunni. Í ljósi ábendingar Samkeppniseftirlitsins ákváðu samrunaaðilar að afturkalla samrunatilkynninguna frá 2. nóvember 2005 og skila nýrri tilkynningu sem tæki til ferilsins alls. Með bréfi samrunaaðila, dags. 10. febrúar 2006 var tilkynningin formlega afturkölluð.

Þann 5. maí 2006 barst loks fullnægjandi samrunatilkynning, þar sem tilkynnt var annars vegar um kaup KS, KB, KHB o.fl. á ÁBV og hins vegar um samruna fóðurdeildar KS og ÁBV við FB og BS. Bréfinu fylgdi skýrsla sem inniheldur upplýsingar og gögn sem miðast við skrá Samkeppniseftirlitsins yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram vegna athugunar á samruna fyrirtækja. Með bréfi dags., 2. júní 2006 tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mánaða frests Samkeppniseftirlitsins til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði. Samkeppniseftirlitið aflaði ýmissa opinberra gagna.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 11. ágúst 2006 var andmælskjal eftirlitsins send málsaðilum og þeim gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum og skýringum. Athugasemdir málsaðila bárust Samkeppniseftirlitinu með bréfi dags. 27. ágúst 2006. Skýringar samrunaaðila hafa einnig komið fram á fundum þeirra með fulltrúum Samkeppniseftirlitsins. Þá hafa fulltrúar Samkeppniseftirlitsins átt viðtöl og aflað upplýsinga á annan hátt frá ýmsum aðilum á markaðnum, s.s. keppinauta samrunaaðila á fóður- og áburðarmarkaði, viðskiptavini, fulltrúa hagsmunasamtaka o.fl.

II. Niðurstöður

1.

Í máli þessu er um að ræða tvo samruna eins og áður greinir. Eins og rakið verður nánar hér á eftir telur Samkeppniseftirlitið til hægðarauka að fjalla um báða samrunana í einu og sama málinu, enda nátengdir.

1.1. Kaup KS, KB og KHB o.fl. á ÁBV

Með viðskiptasamningum, dags. 27. október 2004, sbr. og 28. janúar 2005 áttu sér stað viðskipti með hlutafé í ÁBV á milli Sterkra stofna ehf., Sveita ehf., KS, KB, KHB og fleiri aðila. Um er að ræða samruna KS, KB og KHB við ÁBV. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir samningar í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði ákvæðisins eru uppfyllt.



Meginástæða framangreinda kaupa er sögð vera sú að um arðbæran fjárfestingarkost væri um að ræða þar sem ná mætti meiri hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins. Þá falli starfsemi ÁBV vel að rekstri kaupfélaganna, en tilgangur þeirra sé að veita eigendum sínum, aðallega bændum, sem besta þjónustu.

1.2. Samruni KS og ÁBV við FB og BS.

Með samningum, dags. 3. júní 2005 og 26. júlí 2005 áttu sér stað viðskipti með hlutafé í BS og FB sem leiddu til samruna KS og ÁBV við FB og BS. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir samningar í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaefirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði ákvæðisins eru uppfyllt.

Tilgangur samrunans er sagður vera sá að stuðla að hagkvæmni í rekstri ÁBV með lækkandi rekstrarkostnaði sem gæti skilað sér til neytenda í formi bættra viðskiptakjara.

Eftir allar ofangreindar eignatilfæringar verða breytingarnar á markaðnum tvíþættar. Annars vegar sú að starfsemi KS á fóðurmarkaði leggst af. Hins vegar sameinast ÁBV einnig FB samstæðunni en fyrirtækin starfi á ólíkum vörumörkuðum, þ.e. fóðurmarkaði annars vegar og áburðarmarkaði hins vegar.

Markmiðið með samrunanum er sagt vera tvíþætt. Annars vegar að byggja upp öflugt fyrirtæki í sölu og framleiðslu á fóðri og hins vegar sölu á áburði og annarri rekstrarvöru fyrir landbúnaðinn. Samruninn muni auka hagkvæmni í framleiðslu og afgreiðslu á vörum fyrir íslenska bændur og það leiða til hagstæðari kjara en áður fyrir neytendur.

2.

Í kjölfar rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans er það mat Samkeppniseftirlitsins að tilefni sé til íhlutunar vegna hans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga. Ljóst er að staða samrunaaðila á fóður- og áburðarmörkuðum er mjög sterk, sem og á tengdum mörkuðum. Þannig er ljóst að hin sameinuðu félög geta boðið upp á mikla breidd í vörum og þjónustu fyrir bændur. Keppinautar á fóður- og áburðarmarkaði gætu átt það á hættu að geta ekki boðið viðskiptavinum sínum sama eða sambærilegt vöruframboð og/eða þjónustu og hin sameinuðu fyrirtæki og kynnu því að hrökklast af markaðnum. Af sömu ástæðu gætu nýir aðilar átt mun erfiðara með að komast inn á þá markaði þar sem hið sameinaða fyrirtæki starfar. Að sama skapi munu ofangreindir samrunar að mati Samkeppniseftirlitsins skapa möguleika á samþættingu á sölu á vörum og þjónustu samrunaðilanna, s.s. á sölu á áburði og fóðri, og jafnvel öðrum rekstrarvörum til bændur, s.s. girðingarefnum o.þ.h. Ennfremur skapast möguleiki á samþættingu við aðra þjónustu samrunaaðila. Samkeppniseftirlitið telur að sú markaðsstaða sem myndast við samrunana geti virkað sem hvatning til hins sameinaða fyrirtækis til þess að binda saman og selja, hvort sem er í formi tilboða eða á annan hátt, ólíkar vörur á þeim mörkuðum sem fyrirtækið er ráðandi á í þeim tilgangi að tryggja eða efla stöðu fyrirtækisins á þeim mörkuðum og útiloka þannig núverandi og mögulega keppinauta frá mörkuðunum. Jafnframt aukast að mati Samkeppniseftirlitsins á



sama hátt líkur á því að hið sameinaða fyrirtæki tvinni saman í viðskiptum vöru eða þjónustu á mörkuðum þar sem það er ráðandi og vöru eða þjónustu á mörkuðum sem fyrirtækið er ekki ráðandi á í þeim tilgangi að styrkja stöðu þess á hinum síðarnefndu mörkuðum.

Með hliðsjón af þessu mati Samkeppniseftirlitsins hafa átt sér stað viðræður milli eftirlitsins og fulltrúa samrunaaðila og hafa viðræðurnar leitt til sáttar á milli aðila, sbr. 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að samrunaaðilar hlýti þeim skilyrðum sem fram koma í eftirfarandi ákvörðunarorði.

Tilgangur þessara skilyrða er að eyða þeim neikvæðu áhrifum sem ofangreindir samrunar kunna ella að hafa á samkeppni á fóður- og áburðarmarkaði. Af skilyrðunum leiðir að aðgangur nýrra keppinauta að mörkuðunum verður auðveldari en ella. Jafnframt er það forsenda Samkeppniseftirlitsins að skilyrðin geti stuðlað að frekara jafnræði með keppinautum á viðkomandi mörkuðum.

III.

Ákvörðunarorð

„Eins og nánar er rakið í ákvörðun þessari áttu sér stað tveir samrunar í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Annars vegar er um að ræða kaup Kaupfélags Skagfirðinga svf., Kaupfélags Borgfirðinga svf. og Kaupfélags Héraðsbúa svf. o.fl. á Áburðarverksmiðjunni hf. og hins vegar samruna Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Áburðarverksmiðjunnar hf. við Fóðurbliðnduna hf. og Bústólpa ehf.

Með heimild í 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga setur Samkeppniseftirlitið samrununum skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingum samrunanna:

- 1. Fóðurblandan hf. skal láta af hvers konar samstarfi við keppinauta fyrirtækisins, s.s. í tengslum við innkaup og innflutning á fóðri og fóðurefnum [...] ¹ frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.**
- 2. Fóðurblandan hf. skal grípa til aðgerða til að slíta sameiginlegu eignarhaldi félagsins og annarra á Kornhlöðunni ehf. [...] ² frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Fóðurblandan hf. skal [...] ³ gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir niðurstöðum þeirra aðgerða.**
- 3. Samrunaaðilum er óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupum á áburði að kaupendur áburðar kaupi jafnframt fóðurvörur og skilyrði fyrir kaupum á fóðurvörum að kaupendur fóðurs kaupi jafnframt áburð. Ennfremur er samrunaaðilum óheimilt að verðleggja áburð sem boðinn er með fóðurvörum eða fóðurvörur**

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.



sem boðnar eru með áburði þannig að verðlagning eða verðtilboð jafngildi skilyrði um að ein tegund vöru sé keypt með annarri.

- 4. Samrunaaðilum er óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupum á áburði eða fóðri að einhver önnur vara eða þjónusta sem þeir eða tengd fyrirtæki selja eða veita fylgi með í kaupunum. Ennfremur er samrunaaðilum óheimilt að verðleggja áburð og fóðurvörur með öðrum vörum eða þjónustu tengdra fyrirtækja þannig að verðlagning tilboða jafngildi skilyrði um að ein tegund vöru eða þjónustu sé keypt með annarri.**
- 5. Selji kaupfélög samrunaaðila áburð eða fóður í endursölu skal viðkomandi fyrirtæki gæta jafnræðis við ákvörðun um slíka endursölu á þann hátt að keppinautum á áburðar- og fóðurmarkaði standi jafnframt til boða að selja áburð og/eða fóður í viðkomandi kaupfélagi til jafns við Áburðarverksmiðjuna hf. og Fóðurblönduna hf. og/eða Bústólpa ehf.**
- 6. Sé áburður seldur ásamt fóðurvörum skal verð þeirra aðgreint. Sama gildir ef tengd fyrirtæki bjóða sínar vörur eða þjónustu ásamt áburði eða fóðurvörum.**
- 7. Skilyrði ákvörðunar þessarar taka til samrunaaðila og allra annarra fyrirtækja sem eru og verða til innan samstæðunnar.**
- 8. Brot á þessum skilyrðum varðar viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga."**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson